

ATLI HARÐARSON

BERKELEY OG NÁTTÚRULEG GUÐFRÆÐI¹

1. INNGANGUR

Þetta erindi heitir Berkeley og náttúruleg guðfræði. Ég held það sé ekki úr vegi að ég útskýri þessa nafngift nokkuð áður en ég hef máls á aðalefni erindisins. Í þessum inngangi ætla ég því að fara nokkrum orðum um það hvað náttúruleg guðfræði er. Síðan ætla ég að gera grein fyrir stefnu þeirri í náttúrulegri guðfræði sem nefnd hefur verið frumgyðistrú og var mjög í tísku á átjándu öld. Að síðustu ætla ég svo að segja frá tilraun írska heimspekingsins Georges Berkaley til þess að hrekja þessa stefnu og gera um leið nokkra grein fyrir guðfræðinni sem hann vildi hefja til vegs í hennar stað.

Allt frá því að kristni tók að breiðast út um Vesturlönd hafa kristin guðfræði og vestræn heimspeki verið næsta samofnar, báðar hafa fengist við það sem gjarna er nefnt hinstu rök tilverunnar og leitað svara við spurningum um eðli hinnar æðstu veru og samband hennar við náttúruna og mannlífið.

Sambúð þessara tveggja fræðigreina hefur gengið æði misjafnlega. Lengi vel hafði guðfræðin nánast fullt vald yfir heimspekinni, því eftir að kristnin festist í sessi varð viðtekið að lita svo á að guðfræðin væri drottning allra fræða og öðrum fræðigreinum eins og heimspeki væri óheimilt að efast um kenningar hennar. Að guðfræðin skyldi skipa þennan heiðursess var þá rökstutt með því að hún ein byggði á opinberuðum sannindum, sannindum sem væru ofar mannlegum skilningi, en Guð hefði af gæsku sinni opinberað mönnunum. Heimspekin kvað aftur á móti ekki geta byggt á öðru en náttúrulegum sannindum, sannindum sem menn gætu

komist yfir með því einu að beita náttúrulegum sálargáfum sínum.

Ekki var heimspekin þó útilokuð frá allri umræðu um guðdóminn og eðli hans. Flestir lærdómsmenn miðalda litu nefnilega svo á að menn gætu höndlað ýmis sannindi um guð og hin hinstu rök tilverunnar með því að beita náttúrulegri skynsemi sinni. Meðal þess sem lærðir menn töldu hægt að fá vitneskju um án þess að styðjast við opinberun var að Guð væri til, að hann væri al-máttugur og alvitur og að mönnum bæri að elska hann og hlýða honum. Ýmislegt annað, eins og til dæmis þríeining guðdómsins, sköpun heimsins og endalok og eilíft líf var yfirleitt talið ofar mannlegum skilningi og aðeins vitað fyrir guðlega opinberun. Þessi efni voru því á vettvangi guðfræðinnar og heimspekin átti ekki neitt með að skipta sér af þeim.

Það var sem sagt litið svo á að til væri tvönn konar guðfræði: Opinberuð guðfræði, sem fæst við sannindi sem menn geta ekki þekkt nema fyrir guðlega opinberun og náttúruleg guðfræði, sem fæst við þau sannindi sem menn geta skilið og staðfest með því að beita náttúrugáfum sínum einum. Hin náttúrulega guðfræði var talin liggja innan þeirra landamæra þar sem heimspekin mátti ferðast um frjáls og óhindruð, svo framarlega sem hún hélt engu því fram sem gekk í berhögg við kenningar hinnar eiginlegu guðfræði. Mér skilst að sumir kaþólskir kennimenn haldi enn þann dag í dag fram þessum sama greinarmun opinberaðrar og náttúrulegrar guðfræði.

Sé hugtakið *náttúruleg guðfræði* skilið þeim skilningi sem það fékk á miðöldum, það er að segja sem sú guðfræði sem hægt er að stunda án þess að styðjast við annað en mannlega skynsemi, reynslu og aðrar náttúrugáfur, þá má segja að náttúruleg guðfræði sé eldri en kristin trú. Enda var sú skoðun lærdómsmanna á miðöldum

¹ Þessi grein er fyrirlestur sem fluttur var á fundi hjá Guðspeki-félaginu árið 1987 og er birtur nú, 29 árum síðar, með leyfi höfundar.

sem þekktu rit Aristótelesar og vissu að þessi meistari forngrískra mennta taldi sig hafa komist að því að til væri einn guð sem var æðstur alls í þessum heimi og allt annað átti tilveru sína undir. Náttúruleg guðfræði er stunduð enn þann dag í dag, oftast reyndar undir nafninu „trúarheimspeki“ (e. „philosophy of religion“), þótt flestir heimspekingar þessarar aldar hafi verið upp-teknari af öðrum viðfangsefnum.

Hér er ekki ætlunin að rekja sögu náttúrulegrar guðfræði heldur ætla ég að snúa mér að því að segja frá allundarlegu blómaskeiði sem hún átti sér í Vestur Evrópu á átjándu öld. Síðan kem ég svo að viðbrögðum Georges Berkaley við þessari náttúrulegu guðfræði átjándu aldarinnar.

2. FRUMGYÐISTRÚIN

Þessi stefna í guðfræði á átjándu öld er yfirleitt nefnd „deism“ á ensku og nokkur hefð er fyrir því að kalla hana „frumgyðistrú“ á íslensku. Saga hennar hefst eiginlega á sautjándu öld, en þá varð einhver sú mesta bylting sem orðið hefur í andlegu lífi Evrópumanna, vísindabyltingin svo-nefnda þegar Galileo, Kepler, Gilbert, Descartes, Snell, Harvey, Huygens, Hooke, Boyle, Newton og fleiri lögðu grunn að raunvísindum nútímans og heimsmynd þeirra tók að móta hugsunarhátt upplýstra manna.

Samkvæmt þessari vísindalegu heimsmynd er heimurinn ekkert líkur því sem hann virðist vera. Í henni eru engir litir og engin lykt, heldur sýnir hún heiminn sem risavaxna vél sem er sett saman úr ósýnilegum atómum og hreyfist eftir hárnákvæmum stærðfræðilegum lögmálum. Atómin hafa enga aðra eiginleika en þyngd, lögun, hreyfingu og hörku og þau lögmál sem gilda um þessa eiginleika reka alla heimsrásina áfram þannig að sérhver hreyfing hvefarr einustu efniseindar er fyrirfram ákveðin. Vart þarf að taka fram að þessar „vísindalegu“ hugmyndir, sem tóku að ryðja sér til rúms á sautjándu öld og festust í sessi með eðlisfræði

Newtons (sem birtist á prenti 1697 tveim árum eftir að Berkeley fæddist) gerðu ráð fyrir því að mannlíkaminn væri líka vél sem hreyfðist eftir stærðfræðilegum lögmálum.

Þessi vísindalegu viðhorf komu illa heim við ýmsar kenningar kirkjunnar. Til dæmis kemur það illa heim og saman að Guð verði við bænum fólks og að öll verðandi sé rígskorðuð af lögmálum eðlisfræðinnar. Kraftaverk og ýmis önnur meint afskipti Guðs af mannlífinu falla heldur ekki inn í þessa vísindalegu heimsmynd. Þar sem flestir helstu hugsuðir átjándu aldarinnar kusu fremur að halla sér að vísindunum en að hefðarspeki kirkjunnar þá virtust þeir aðeins hafa um tvennt að velja. Annað var að hafna kristindóm-inum. Hitt var að reyna að aðlaga hann þessari nýju heimsmynd. Flestir kusu síðari kostinn.

Það var í tísku á þessum tímum að mikla heldur náttúrulegar sálargáfur mannskepnunnar, enda höfðu vísindin sýnt að þær mættu sín nokkurs, og jafnframt var tíðarandinn heldur andsnúinn því að treysta um of vitnisburði gamalla bóka, eins og Biblíunnar. Guðspekingar átjándu aldarinnar reyndu því að sníða guðfræðina að vísindunum. Hér var aldeilis búið að hafa endaskipti á hlutunum. Áður hafði guðfræðin verið talin drottning allra fræða og öll vísindi höfðu þurft að laga sig að kröfum hennar en nú voru náttúruvísindin tekin að ríkja yfir guðfræðinni og menn teknir að laga kristindóminn að heimsmynd þeirra.

Postular frumgyðistrúarinnar töldu að guðfræðin ætti að byggjast algerlega á heimspeki- legum og vísindalegum rökum og öll sannindi hennar ættu að vera augljós hverjum skynsömum manni. Þessi skoðun þeirra birtist meðal annars í bókattitlum eins og: *Christianity not Mysterious* eftir John Toland (1696) og *Cristianity as Old as the Creation* eftir Matthew Tindal (1730). En þeir Tindal og Toland voru með áhrifamestu boðberum þessarar nýju stefnu, sem átti eftir að njóta fylgis menntamanna í meira en hundrað ár. Trúarheimspekikenningar

Immanuel Kant, sem hann setti fram í riti sínu *Religion innerhalb der Grenzen der blossen Vernunft* (1793), má kannski telja svanasöng þessarar guðfræði. Enda hlaut hún að eiga skammt eftir þegar David Hume hafði gert hana rökþrota með riti sínu *Dialogues Concerning Natural Religion* (1779). Í riti þessu sýndi Hume fram á það, með býsna góðum rökum, að það væru engin sannindi um guðdóminn augljós og menn gætu ekki einu sinni sannað það með náttúrugáfum sínum að Guð væri til.

Frumgyðistrúin, eða hin náttúrulega guðfræði átjándu aldarinnar, var tilraun til þess að laga kristindóminn að kröfum nýrra tíma — tíma sem tókum lítið mark á guðlegum opinberunum og kennivaldi kirkjunnar en mótuðust æ meir af hugsunarhætti raunvísindanna, þar sem ekkert taldist vera trúverðugt nema hver maður, sem hefði nægilega skynsemi til að bera, gæti staðfest það fyrir sjálfum sér.

En hvert var þá inntakið í þessari náttúrulegu guðfræði, eða frumgyðistrúnni? Hún einskorðaði sig við að boða þá lærdóma sem um aldir hafði verið talið að menn gætu staðfest með náttúrugáfum sínum einum, en varpaði öllu öðru fyrir róða. Þessa heldur fátæklegu kenningsmíð skreytti hún svo með þeim stjórnmála- og siðferðishugsjónum sem voru að ryðja sér til rúms og við búum að enn þann dag í dag, ásamt með hinni vísindalegu heimamynd (þótt nokkuð sé hún breytt). Frumgyðistrúarmenn kenndu að Guð væri til og hefði í öndverðu smíðað þá miklu vél sem heimurinn er og sett hana af stað. En þeir gerðu ekki ráð fyrir að Guð skipti sér neitt af heiminum, heldur töldu að hann léti sér nægja að hafa dregið hann upp eins og klukku sem síðan gengi hjálparlaust eftir óhagganlegum lög-málum. Hefðbundin kristni hafði talað til hjartans og veitt mæddum sálum hvíld og huggun, en þessi nýja guðfræði hirti ekkert um rök hjartans. Hún var vægast sagt hálf svalbúin og kaldhömruð samanborið við faðm hinnar gömlu kirkju.

Með því að laga kristnina svona að heimsmynd vísindanna breyttu postular frumgyðistrúarinnar henni eiginlega úr trúarbrögðum í vísinda-eða heimspekikenningu; kenningu sem skýra átti uppruna heimsins og bjarga um leið einhverjum brotum af kristindóminum, en var sneydd öllu trúarlegu innihaldi. Auðvitað var þetta ekki ætlun þeirra, að minnsta kosti ekki allra. Flestir þessara manna voru einlægir mannvínir sem vildu frelsa mannkynið af klafa trúarofstækis, hjátrúar og hindurvitna og hjálpa því að njóta ávaxta vísindanna. Og raunar unnu þeir verulegt gagn með því að vekja fólk til nýrrar umhugsunar um eilífðarmálin og fá það til þess að efast um ýmislegt það sem prestarnir héldu fram og var auðvitað misgáfulegt eins og gengur. En þótt þeir hafi unnið framgangi hinnar vísindalegu heimsmyndar nokkuð gagn með guðfræðikenningum sínum þá hygg ég að óhætt muni að fullyrða að tilraun þeirra til þess að grundvalla nýja guðfræði á mannlegum náttúrugáfum einum hafi mistekist. Hún mistókst af tveim ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að sú guðfræði sem þeir settu fram gat aldrei orðið grundvöllur neinna trúarbragða sem fólk gæti lifað eftir og lifað í. Og í öðru lagi vegna þess að það er, eins og David Hume sýndi fram á, ómögulegt að leiða nein trúarleg sannindi í ljós með því að beita einungis skynsemi og öðrum náttúrugáfum. Öll svokölluð „skynsamleg rök fyrir tilvist Guðs“ eru hártoganir og annað ekki.

Frumgyðistrúarmenn ætluðu að hreinsa til í búi guðfræðinnar og ekki skilja annað eftir en þá sannleiksmola sem passa sem álegg ofan á vísindin. En í raun og veru sótthreinsuðu þeir búið svo rækilega að ekkert ætilegt var þar eftir.

Með þessum orðum lýk ég að segja frá frumgyðistrúnni og sný mér nú að aðalefni erindisins, sem er að segja frá viðbrögðum írsku biskupsins og heimspekingsins Georges Berkeley við þessari frumgyðistrú. Rétt er að láta það koma fram hér að Berkeley var uppi á árunum 1685 til 1753. Hann var um margt ólíkur öðru fólki. Ekki

var nóg með að hann snerist öndverður gegn þeim tískustefnum sem flestir menntamenn og heimspekingar þess tíma aðhylltust og sæi öðrum betur hversu lygileg hin vísindalaga heimsmynd raunar var, heldur taldi hann að menning Evrópu væri komin að fótum fram og dreymdi stóra drauma um að skapa háleitari og þróttmeiri menningu í Nýja heiminum, Ameríku. Í þessu skyni hélt hann vestur um haf og reyndi að setja á stofn skóla þar. En sú ferð var ekki til fjár og hann hélt heim aftur frá óunnu verki. Skömmu síðar var honum veitt biskupsembætti í Cloyne á Írlandi. Þar dvaldi hann nær allan síðari hluta ævinnar og fékkst meðal annars við alþýðulækningar og ritaði stóra bók um lækningamátt tjöru.

3. BERKELEY

Eins og þegar hefur komið fram í þessu erindi þá greiddi skoski heimspekingurinn David Hume (1711–1776) hinni náttúrulegu guðfræði þau högg að hún var heldur máttlítil eftir. Ekki réðst Hume þó á hana til þess að verja hefðbundnari kristindóm. Hann var, eftir því sem best er vitað, trúlaus. En Berkeley var biskup og fylgjandi hefðbundnum kenningum ensku kirkjunnar svo rök hans gegn frumgyðistrúnni voru með allt öðru sniði en rök Humes. Berkeley var engan veginn mótfallinn náttúrulegri guðfræði. Hann virðist hafa haft svipaða afstöðu til hennar og þeir miðaldaspekingar sem fyrstir greindu hana frá hinni eiginlegu, opinberuðu guðfræði. Berkeley réðist því ekki að náttúrulegri guðfræði sem slíkri heldur reyndi hann að sýna fram á rökvillur í málflutningi þeirra sem vildu laga hana að heimsmynd vísindanna og kasta um leið allri annarri guðfræði fyrir róða.

Við getum skipt rökum Berkeleyys gegn frumgyðistrúnni í þrennt: Í *fyrsta lagi* færði hann rök fyrir því að heimsmynd vísindanna væri röng í öllum aðalatriðum; það væru engin atóm til og

því væri út í hött að ætla sér að skýra alla verðandi með tilvísun til stærðfræðilegra lögmála um þyngd þeirra, lögun, hreyfingu og árekstra. Í *öðru lagi* reyndi í hann að sýna fram á að þessi heimsmynd byggðist á misskilningi á eðli vísindanna og væri réttur skilningur lagður í vísindakenningar, eins og eðlisfræði Newtons, þá væru þær alls ekki í neinni andstöðu við hefðbundinn kristindóm og þær opinberanir sem hann styðst við. Með þessu vildi hann meðal annars sýna fram á að kenningar frumgyðistrúarmanna væru byggðar á misskilningi á vísindunum og því einskis virði. Í *þriðja lagi* setti hann fram nýjar kenningar á sviði náttúrulegrar guðfræði, einkum nýja kenningu um samband Guðs við sköpunarverkið.

Við skulum nú líta á þessa þrjá þætti í rökum Berkeleyys gegn frumgyðistrúnni hvern í sínu lagi.

4. RÖKIN GEGN HEIMSMYND VÍSINDANNA

Rök Berkeleyys gegn heimsmynd vísindanna eru um leið rök fyrir hans frægustu kenningu, *hughyggjunni*. Þessi rök eru býsna margslungin. Þau er að finna í höfuðriti Berkeleyys *Principles of Human Knowledge*, sem kom út árið 1710. Forsendurnar sem Berkeley byggir rök sín á voru flestar viðurkenndar af helstu talsmönnum frumgyðistrúarinnar og hinnar vísindalegu heimsmyndar. En Berkeley var fyrstur til þess að nota þær til að grafa undan þessari heimsmynd. Megin forsenda hans er sú að *allt sem við skynjum séu hugmyndir sem eru í huganum og eiga sér enga tilvist utan hans*. Þetta gátu flestir fallist á því vísindin kenndu að þegar við sæjum eitthvað þá væri skynjunin afleiðing af árekstrum ljóseinda á augun og þessar ljóseindir væru ekkert líkar því sem við sæjum; þær væru óskynjanlegar eindir sem rækjust á augun og yllu einhverjum taugaboðum og hræringum í heilanum, sem yrðu til þess að myndum væri brugðið upp fyrir sjónum okkar. Slíkar myndir eru hvergi til nema í huganum og þær eru ekkert

líkar þeim ytri fyrirbærum sem koma nefndri orsakakeðju af stað. Og þegar menn heyra eitthvað þá er það vegna þess að hljóðbylgjur skella á eyrum þeirra og valda því á endanum að hugurinn skynjar rödd, tóna eða önnur hljóð. Þessi hljóð eru ekkert lík hljóðbylgjunum og eru hvergi til nema í huga þess sem heyrir. Vísindaleg greinargerð fyrir starfsemi annarra skilningarvita leiðir það sama í ljós: Skynjanir fólks eru sálarlífsfyrirbæri sem eru hvergi til nema huganum.

Hér er raunar komið að undarlegustu dráttunum í heimsmynd vísindanna eins og hún var dregin á átjándu öld. Heimur reynslunnar var allur í huganum en heimsvélin mikla með öllu ósýnileg og engin skýring gefin á tengslum hennar við hugann og reynsluheiminn önnur en sú að hún orsakaði skynjanir. Hugurinn virtist raunar eins og aðskotahlutur í vélinni og öll vera hans þar harla fjarstæðukennd.

En þar sem þessi heimsmynd var orðin býsna viðtekin þá gat Berkeley gengið að því sem vísu að allir féllust á að engin leið væri að skynja beint og milliliðalaust neitt sem væri utan hugans. Hann orðaði þetta svo að menn skynjuðu aldrei neitt nema hugmyndir, myndir í huganum.

Önnur forsenda sem hann notar er sú að menn geti hvorki hugsað né talað af viti um aðra hluti en þá sem þeir geta annað hvort skynjað eða hugsað sér hvernig væri að skynja. Þessa forsendu reynir hann að rökstyðja í innganginum að höfuðriti sínu, *Principles of Human Knowledge*. Sjálfur held ég reyndar að rök hans fyrir henni séu heldur hæpin. Ég hef gert þeim nokkur skil í erindi sem ég flutti fyrir Félag áhugamanna um heimspeki fyrir þrem árum síðan og mun ekki fjalla neitt frekar um þau hér.² En þótt vefengja meg þessi rök þá áttu menn

engin svör við þeim á átjándu öld og flestir sem skoðuðu þau ofan í kjölinn féllust á þau í öllum aðalatriðum.

Ef menn skynja aldrei neitt annað en hugmyndir sem verða til í huganum eða sálinni þá er ekki hægt að skynja neitt annað en sálarlífsfyrirbæri. Svokallaðir ytri efnishlutir eru þá óskynjanlegir og það að hugsa sér að maður skynji þá felur í sér hreina mótsögn því til þess verður að hugsa sér að maður skynji það óskynjanlega. Af þessu og annarri forsendu Berkeley leiðir að menn geti hvorki hugsað né talað af viti um þessa svo kölluðu ytri efnishluti.

En nú getum við bæði hugsað og talað af viti um borð og stóla, jurtir og dýr, stokka og steina og eru þetta ekki efnishlutir sem eru til utan hugans? Nei, segir Berkeley. Þessir hlutir eru í raun og veru ekkert annað en skynjanir, eða öllu heldur samstæðar heildir eða klasar skynjana. Það er ekkert til nema sálin og skynjanir sem í þeim búa eða um þær fara. Ef eitthvað annað er til er að minnsta kosti ekki hægt að gera sér neinar hugmyndir um það og hvað þá segja eitthvað af viti um það. Þessi kenning Berkeleyy heitir *hughyggja*.

Sé fallist á forsendur Berkeleyy, eins og flestir heimspekilega sinnaðir samtímamenn hans gerðu, þá er eiginlega engin leið að hafna niðurstöðu hans. Flestir hristu höfuðið yfir henni og sögðu sem svo að hér hlyti að vera einhver vitleysa á ferðinni, þótt þeim tækist ekki að sýna fram á neina villu í rökfærslum Berkeleyy. Þær viðtökur sem kenningar hans fengu eru ef til vill gott dæmi um það hversu náttúran má sín miklu meira en öll langsótt og flókin rök. Menn hafa náttúrulaga tilhneigingu til að trúna því að þeir skynji efnishluti sem eru til utan hugans og hjá flestu fólki mega rök sín harla lítils gegn þeirri tilhneigingu.

² Þetta erindi birtist síðar á bls. 20–33 í bók sem Háskólaútgáfan gaf út 1994 og heitir *Tilraunir handa Þorsteini: Afmælis-kveðjur til Þorsteins Gylfasonar ríflega fimmtugs* (ritstjórar Mikael M. Karlsson og Páll Skúlason).

Hughyggja Berkeleys virðist næsta undarleg kenning við fyrstu sýn. En er hún svo skrýtin sem flestum sýnist? Hin vísindalaga heimsmynd gerði ráð fyrir því að efnishlutir væru samsettir úr óskynjanlegum atómum og þessi atóm yllu hræringum í skynfærum fólks sem á endanum yllu því að skynjanir kviknuðu í huga þess. En við verðum aldrei vör við neitt nema skynjanirnar. Við skynjum línur og liti en sjáum aldrei ljóseindirnar sem kváðu rekast á augun og valda skynjununum. Höfum við þá nokkra ástæðu til að ætla að þessar eindir séu til? Getur ekki sem best verið að skynjanirnar kvikni í sálinni af einhverjum allt öðrum orsökum?

Þeir sem vilja verja heimsmynd vísindanna gegn rökum Berkeleys geta, eftir því sem ég best veit, aðeins gripið til tveggja ráða. *Annað ráðið* er að segja að kenningin um að til séu atóm eða aðrir ytri efnishlutir sem valda skynjunum okkar sé tilgáta og þessi tilgáta sé sennileg því hún skýri þá reglu sem er á skynheimi fólks. Ef skynjanirnar kvikna án ytri áreita hvers vegna skyldu þá tveir menn sjá sama fjallahringinn? Og hví skyldi hann virðast eins í dag og í gær ef þarna eru engin fjöll heldur aðeins hverfular skynjanir sem þyrlast um hugann? *Hitt ráðið* sem þeir geta gripið til er að benda á að ef vísindin byggðu á alröngum hugmyndum um eðli veruleikans þá hefðu þau tæpast náð þeim árangri sem raun ber vitni.

Berkeley gerði sér grein fyrir því að menn myndu gripa til þessara raka. Þess vegna reyndi hann að svara þeim. Hinum fyrri svaraði hann með nýrri kenningu um samband Guðs við sköpunarverkið og hinum síðari með nýrri kenningu um eðli vísindanna. Við skulum nú líta aðeins á kenningu hans um eðli vísindanna.

5. EÐLI VÍSINDANNA

Berkeley var vel að sér í eðlisfræði og ritaði merkilegar bækur um þau fræði. En hann skildi eðlisfræðikenningar á annan veg en viðtekið var.

Flestir litu svo á að kenningar um hluti eins og þyngdarafli, atóm og árekstra efnishluta veittu mönnum innsýn í innsta kjarna tilverunnar og útskýrðu hvers vegna hlutunum vindur fram með þeim hætti sem raun ber vitni. En Berkeley taldi að þyngdarkraftar, atóm og ýmsir aðrir þeir hlutir sem kenningarnar gera ráð fyrir væru alls ekki til, heldur væri tal um þá eins konar skáldskapur, líkt og tal um vísitölufjölskyldur er, svo tekið sé kunnuglegt dæmi. Allir eru víst sammála um það að vísitölufjölskylda, sem á 1,7 krakka og 0,98 síma, sé hvergi til, heldur sé hugtakið aðeins hjálpartæki sem menn nota til þess að lýsa ýmsum almennum staðreyndum um raunverulegar fjölskyldur. Á svipaðan hátt taldi Berkeley að atóm væru engin til heldur væri hugtakið *atóm* aðeins hjálpartæki sem menn gata notað til þess að lýsa reynsluheimi sínum eða skynjunum. Hann taldi að skynjanirnar einar væru til í alvöru, og kenningar um tilvist hluta eins og atóma væru aðeins tæki til þess að lýsa þeirri reglu sem er á skynjunum fólks og segja fyrir um óorðnar skynjanir. Þannig taldi hann til dæmis að lögmál Newtons um þyngdarkraftinn (hið svo nefnda þyngdarlögmál) væri aðeins lýsing á því hvernig hlutir dragast saman. En hann taldi það ekki útskýra á neinn hátt hvers vegna þeir dragast saman. Berkeley áleit sem sagt að flestar vísindakenningar væru á sama báti og tal um vísitölufjölskylduna– hlutirnir sem þær fjalla um væru ekki til í alvöru og þær útskýrðu ekkert heldur lýstu því aðeins hvernig fyrirbæri haga sér að jafnaði. Rök Berkeleys fyrir þessum skilningi á eðli vísindanna er flest að finna í höfuðriti hans, *Principles of Human Knowledges*.

Til þess að útskýra þessa túlkun Berkeleys á vísindunum ætla ég að taka dæmi. Við skulum ímynda okkur að vísindamenn setji fram þá kenningu að alltaf þegar menn henda steini fram af bjargbrún þá togi þyngdarkrafturinn hann til jarðar þannig að hraði hans aukist um 10 metra á sekúndu á hverri sekúndu. Vísindamennirnir mundu sjálfsgagt halda því fram að þyngdarkrafturinn útskýrði hraðaaukningu

steinsins og stefnu hans niður á við. En Berkeley mundi segja að kenning þeirra fæli ekkert annað í sér en það að þegar steinar fara fram af bjargbrún þá leiti þeir jafnan niður á við og auki hraða sinn um 10 metra á sekúndu á sekúndu hverri. Hann héldi því fram að kenningin gæfi rétta lýsingu á því hvernig steinar falla að jafnaði en neitaði því að hún útskýrði hvers vegna þeir falla svona. Líkast til gengi hann enn lengra og segði að væri kenningin skoðuð ofan í kjölinn þá kæmi í ljós að hún upplýsti fólk um það eitt að skynji það stein fara fyrir bjargbrún þá sjái það steininn vera neðar brúninni augnabliki síðar og biði það enn í augnablik þá gæti það séð steininn svo og svo miklu neðar. Að hans dómi gerði kenningin ekkert annað en að lýsa skynjunum fólks.

Berkeley taldi að vísindakenningar um atóm og efniskrafta væru ekkert annað en tæki til þess að lýsa hegðun skynjanlegra náttúrufyrirbæra og að tal um skynjanleg náttúrufyrirbæri væri ekki hægt að skilja öðru vísi en sem tal um skynjanir eða reynslu lifandi sálna. Á endanum fjalla kenningar vísindanna því ekki um neitt annað en skynjanir að áliti Berkeleys. Þær virðast að vísu vera um atóm og aðra óskynjanlega hluti en það er aðeins vegna þess að þær eru settar fram á villandi hátt svo menn misskilja þær. Séu þær skildar sem kenningar um skynjanir þá geta þær verið sannar og réttar á sama hátt og tal um vísitölufjölskylduna getur verið satt og rétt þótt það virðist á yfirborðinu fjalla um hreinan hugarburð eða fólk sem á 1,7 börn og þar fram eftir götunum.

Með því að túlka vísindakenningar svona gat Berkeley haldið því fram að fullt mark væri takandi á vísindunum og þau væru ágætis tæki til að segja fyrir um ókomna atburði og hjálpa til við ýmiss konar verk en samt hafnað hinni vísindalegu heimsmynd. Þótt hann hafi ekki sjálfur notað þessa líkingu þá held ég að komast megi býsna nærri því sem hann meinti með því að segja að hin vísindalega heimsmynd væri eins konar landakort af tilverunni. Á landakort eru

gjarna teiknaðar ýmiss konar línur, svo sem lengdar- og breiddarbaugar, tölur og ták, örvar og pípur. Á því eru heit lönd kannski rauð og heimskaualöndin blá og þar fram eftir götunum. Svona kort geta verið býsna gagnleg, en engum dettur í hug að þau séu neitt lík löndunum sem þau sýna. Um löndin liggja engar línur og það eru engar tölur á fjallatindunum. Löndin liggja á kúlulaga hnetti en kortið er flatt. En ekkert af þessu kemur í veg fyrir að kortið komi að gagni og hjálpi okkur til dæmis að álykta hvað við sjáum ef við siglum í norður eða hversu langi þurfi að ganga til að komast á þennan stað eða hinn. Atómin og kraftarnir á heimskorti vísindanna eru eins og tölurnar og strikin á landakortinu, þau hjálpa okkur að álykta um reynslu okkar.

Hefðbundin túlkun á lögmálum eðlisfræðinnar gerði ráð fyrir því að þau verkuðu af einhvers konar nauðsyn; að ekki væri nóg með að flestir atburðir fylgdu þeim í stórum dráttum heldur væri þeim fylgt til hins ýtrasta í hreyfingu sérhverrar öreindar. Þar sem Berkeley gerði ráð fyrir að þessi lögmál væru að hálfu skáldskapur og að hálfu lýsing á skynjunum þá sá hann enga ástæðu til þess að fallast á svona nauðhyggju. Hann leit svo á að eðlisfræðilögmál væru lýsingar á venjulegum skynjunum en taldi ekkert útiloka einstakar undantekningar frá þeim. Þannig leit hann svo á að þótt hlutirnir höguðu sér jafnan nokkurn vegin í samræmi við þessi lögmál þá gæti Guð vel látið þá víkja frá þeim til dæmis til þess að verða við bænum einhverrar mannveru.

Með þessari túlkun sinni á vísindunum hafnaði Berkeley þeirri viðteknu skoðun að heimurinn væri vél sem snerist eftir einhverjum gallhördum lögmálum. Í heimsmynd hans hefur sú mikla heimsvél sem flestir upplýstir samtímamenn hans töldu valda öllum okkar skynjunum verið strokuð út. Það eru ekki dauðir efniskraftar og ekki nein sálarlaus lögmál sem knýja náttúruna áfram. Náttúran er ekkert nema skynjanir fólks og annarra skyni gæddra vera. En

hvað er það þá sem knýr hana áfram og veldur þeirri reglufestu sem hvarvetna blasir við? Þessari spurningu svaraði Berkeley með einu orði, *Guð*. Er nú mál að við snúum okkur að guðfræðikenningunum sem eru lokapátturinn í rökum hans gegn frumgyðistrúnni og heimsmynd vísindanna.

6. GUÐ

Frumgyðistrúarmenn og flestir þeir sem aðhylltust heimsmynd vísindanna hugsuðu sér Guð sem einhvers konar reiknimeistara og alheimssmið, eins konar verkfræðing sem í öndverðu hefði hannað og smíðað þá miklu vél sem heimurinn er. Þeir hugsuðu sér að Guð hefði svo sett vélina í gang í eitt skipti fyrir öll og hún hefði síðan gengið hjálparlaust. Þessi hugmynd um samband skaparans við sköpunarverkið er svo sem ekki ólík þeirri sem segir að Guð hafi skapað heiminn á sex dögum og hvílt sig þann sjöunda.

En gegn þessari hugmynd um sköpunina hefur um aldir staðið önnur sem gerir ráð fyrir því að sköpuninni sé aldrei lokið, heldur sé Guð alltaf að skapa. Hugmynd Berkeleys um samband Guðs við sköpunarverk sitt er einhver glæsilegasta útfærslan á þessari hugmynd um sífellda sköpun. Hann gerir í stuttu máli ráð fyrir því að Guð leiki alla þá miklu hljómkviðu sem náttúran er af fingrum fram. Hann er alltaf að skapa og skapar hvern atburð um leið og hann verður.

Sú framvinda náttúrunnar sem Guð skapar jafn-óðum og hún verður er ekki hræringar í dauðu efni heldur skynjanir sem Guð birtir okkur. Náttúran er hljómkviða sem Guð leikur inn í sálir okkar. Það er engin heimsvél á milli okkar og skaparans. Reynsluheimur okkar orsakast ekki af lífvana efni heldur er hann tal Guðs til barna sinna. Þetta tal Guðs er auðvitað ekki mjög líkt venjulegu máli en Berkeley kallar það samt mál. Ítarlegasta útlistun hans á þessari kenningu um náttúruna sem tal Guðs er í trúvarnarriti því sem hann lauk við á leiðinni heim frá Ameríku og

heitir *Alchiphron* (1732). Þar notar hann þessa kenningu til þess að undirstrika þá skoðun sína að náttúrulegir atburðir hafi merkingu en séu ekki merkingarlaus afurð efniskrafta.

Þá reglu sem er á náttúrunni útskýrði Berkeley þannig að Guð talaði ekki út í bláinn heldur væri samhengi og skipulag, form og fegurð, í því sem hann segði og vísindin hefðu það hlutverk að finna reglurnar sem Guð fylgdi í ræðum sínum. (Eða þá tónfræði sem hann byggir veraldarhljómkviðuna á ef við kjósum fremur að líkja sköpuninni við tónverk en ræðu.) En þar sem Guð skapar af fingrum fram og er frjáls að því að skapa á þann hátt sem honum sýnist þá er að álitu Berkeleys ekki við því að búast að til séu neinar undantekningarlausar reglur um framvindu náttúrunnar. Hann telur nær að líta svo á að náttúruleg málin séu eins og önnur málfræði, með undantekningum og Guð taki sér skálda-leyfi þegar honum þyki við eiga.

Þessi heimsmynd Berkeleys er, eins og heimsmynd vísindanna kenning um veruleikann að baki reynsluheiminum: Kenning um orsakir reynslunnar sem enginn fær séð eða skynjað á nokkurn hátt. Hún kemur jafn vel heim við reynslu okkar og sú kenning sem henni var ætlað að ryðja úr vegi. Hvor tveggja heimsmyndin hefur sína sérstöku fegurð til að bera, en ég held að hvorug verði studd neinum knýjandi rökum. Sumir heillast af kaldri og tignarlegri fegurð vísindanna; öðrum þykir meira varið í hugmynd um heiminn sem leik frjálsrar vitsmunaveru sem brosir við okkur í fegurð náttúrunnar og syngur í blænum.